

# FJARÐAR pósturinn

á tuttugasta  
ári!

30. tbl. 20. árg. 2002

Fimmtudagur 15. ágúst

Upplag 7.500 eintök. Dreift frítt í Hafnarfirði



www.sph.is

## Kvöldkyrrð við Óseyrarbryggju

Þó svo umræða um bryggjuna hafi mikið snúist um bryggjuhverfi á Norðurbakka undanfarið þá er lífið mest á alvöru bryggjum bæjarins.

Í kvöldsólinni um daginn brá blaðamaður sér niður á Óseyrarbryggju þar sem m.a. sjómaður var að skola fiskikörin. Vel sést í bátinn þar sem háflóð var en báturinn er skráður í Garðabæ.

Miklar áhyggjur eru af minnkandi úterð og vinnslu í Hafnarfirði og er sjávarútvegur í bænum aðeins brot af því sem hann var og ekki eins mikilvægur í bænum eins og áður var.

Gárungur svaraði því til er hann var spurður hver aðalvinnuvegur Hafnfirðinga væri, að það væri Reykjavíkurvegurinn! Þó margir sækja vinnu til Reykjavíkur þá er atvinnuuppbygging mikil hér í bæ.

Lífsm. Guðni Gíslason



### Veitt á bryggjunni

Erlendir sjómenn grípa oft veiðistöng þegar skip þeirra liggja hér við bryggju. Þessir menn nýttu góða veðrið og kvöldsólina og á myndinni má sjá að einn hefur krækt í vænan kola sem alltaf virðist vera nokkuð af í höfninni.

Fáir Hafnfirðingar vilja fisk úr höfninn vitandi af slæmum frárennslismálum bæjarins.

### Fróðleg námskeið

Áslandsskóli hélt fróðleg námskeið í vikunni og var áhugi mikill. Skv. þessari mynd er greinilegt að fleiri höfðu skoðun á málefninu en fyrirlesarinn.



### Minnihlutinn ósáttur

Minnihluti bæjarráðs hefur lýst mikilli andstöðu við stefnu meirihlutans í framkvæmdum við Reykjanesbrautina og telja hann ekki sjá málið í heild sinni. Meirihlutinn telur hins vegar að með þeirra áherslum sé verið að fá meira fyrir minni pening á styttri tíma og hafna alfarið lausninni sem felur í sér að setja Reykjanesbrautina í stökk.

Sjá nánar á bls. 2, „Úr fundargerðum“.

### Svertingja- strákurinn í Hellisgerði

Hafnfirðingur búsettur í Hveragerði hafði samband við blaðið og upplýsti að foreldrar synir hafi keypt á flóamarkaði erlendis nákvæmlega eins stytta og var í Hellisgerði um langan tíma. Fjardarposturinn vill gjarnan komast í samband við þetta fólk á ný.



### Í fallegum garði

Þessi börn njóta fegurðinnar í garði afa og ömmu. Sjá um verðlaunagarða á baksíðu.

# Opið allar helgar kl. 10-20

Samkaup Hafnarfirði

Heimasíða Samkaupa er: [www.samkaup.is](http://www.samkaup.is)

## SAMKAUP

...gæði og ferskleiki!

# FJARÐAR pósturinn

Útgefandi: Keilir ehf.

Fjarðarpósturinn, Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði  
Ritstjórn: 565 4513, 896 4613, ritstjorn@fjardarposturinn.is

Ritstjóri og ábm.: Guðni Gíslason

Auglýsingar: 565 3066, auglysingar@fjardarposturinn.is

Umbrot: Hönnunarahúsið, umbrot@fjardarposturinn.is

Prentun: Steinmark ehf.

Dreifing: Íslandspóstur

www.fjardarposturinn.is

## Leiðarinn



Í norrænu samstarfi hefur mikil áhersla verið lögð á að auka tengslin við svokölluð grannlönd (nærområde á dönsku). Er þá í raun átt við grannlönd Skandinava og virðist áhugi Finna hafa skipt miklu máli því þá hefur verið átt við Baltnesku löndin og Vestur Rússland. Margir hafa vakið athygli á því að þetta sé þröng skilgreining og bent á lönd eins og Kanada og næstu eynágranna Færeyinga.

Kanada hefur reyndar mikla sérstöðu vegna þess að þar er norræn menning og saga höfð í hávegum. Mikill fjöldi Norðurlandabúa flutti búferlum til Kanada og nyrstu hluta Bandaríkjanna og settu upp nýlendur. Ekki varð úr að Íslensku landnemarnir settu á laggimar alíslenska nýlendu heldur gerðust þeir ríkisborgarar Kanada og Bandaríkjanna. Þeir héldu þó mikilli sérstöðu og tengslin við fósturlandið voru sterk á sama tíma og fólkið aðlagðist menningu í nýja landinu. Íslenska var töluð á heimilunum og jafnvel barnabörn landnemanna tala enn í dag íslensku.

Ég var svo heppinn að eiga tækifæri á að ferðast um byggðir Vestur-Íslendinga í Norður-Dakóta í Bandaríkjunum og Manitoba í Kanada, vera á Íslandingadegi í Mountain og í Gimli. Að upplifa þá stemningu og þann áhuga á Íslandi sem er engu líkt og að hitta eldra fólkið sem þarna er og sem enn talar Íslensku var stórkostlegt. Sumt af þessu fólki hafði aldrei til Íslands komið en þekkti vel sínar rætur og hvaðan forfeður þeirra komu. Sumir höfðu ekki haft tækifæri til að tala íslensku í langan tíma og höfðu frá mörgu að segja. Einn sagði við mig að hann myndi tala íslensku við sjálfan sig næstu daga á eftir.

Það að vita um byggðir Vestur-Íslendinga, um málagn þeirra Lögberg-Heimskringlu, um öll félögin og fleira er eitt, en að upplifa þetta er allt annað. Hvergi í heiminum er tilfinningin að vera heima eins sterk og þarna. Það þori ég að fullyrða.

Íslenska ríkisstjórnin hefur gert margt til að styrkja tengslin við Kanada og um leið byggðir Íslendinga í Vesturheimi. Í engu öðru landi er bæði sendiherra og ræðismaður eins og í Kanada en Eiður Guðnason er ræðismaður sem hefur aðsetur í Winnipeg og nokkurs konar sendiherra Vestur-Íslendinga. Viðskipti milli landanna eru ekki mikil og ekkert sérstakt sem bendir til þess að þau muni aukast mikið. Menningarleg tengsl eru aftur á móti að aukast og æ fleiri Íslendingar sækja á slóðir Vestur-Íslendinga.

Ef í norrænu samstarfi á að eiga nán tengsl við önnur svæði þá hlýtur það að vera við þau svæði í Kanada og Bandaríkjunum sem Norðurlandabúar fóru til, en þau eru dæmigerð fyrir það að fólk með mismunandi menningu og bakgrunn getur búið saman í sátt og samlyndi ef rétt er að því staðið.

Guðni Gíslason



Litami: Ómar Smári Ammason

Þorbjarnarstaðafjörðin á Reykjanesi

## Menning & mannlíf

### Sýning Jóns Thors Gíslasonar

Þann 17. ágúst n.k. verður opnuð kl. 15 í Hafnarborg sýning á nýjum verkum hafnfirka málarans Jóns Thors Gíslasonar. Jón Thor hefur verið búsettur í Þýskalandi og vinnur þar að list sinni. Hann hefur haldið fjölda sýninga á verkum sínum í Þýskalandi og hlotið mjög lofsamlegar viðtökur. Hér heima hefur hann haldið nokkrar sýningar og var síðasta stóra sýningin í Hafnarborg 1994. Á sýningunni eru málverk, grafík, vatnslitamyndir og teikningar. Sýningunni lýkur 9. september.

### Golfmót FH

Golfmót FH fer fram á Hvaleyrarvelli föstudaginn 16. ágúst. Leikinn er högguleikur með og án forgjafar. Þátttökurétt hafa þeir sem eru FH-ingar og hafa náð 18 ára aldri. Skráning fer fram í Sjónarhól sími 565 2534 eða hjá húsvörðum í Kaplakrika sími 565 0711.

### Rebekka Gunnarsdóttir sýnir í Sjóminjasafninu

Rebekka Gunnarsdóttir listakona í Hafnarfirði opnar sýningu á verkum sínum í Sjóminjasafni Íslands, Vesturgötu 8, laugardaginn 17. ágúst. Rebekka sýnir þar vatnslitamyndir og glerverk sem hafa að mestu verið unnin á þessu ári. Þetta er 16. einkasýning hennar. Aðal viðfangsefni myndanna er landslag, götumyndir og hús í Hafnarfirði. Glerið er brætt og mótað í ýmsa hluti, svo sem skálar, myndir, lampa og skúlptúra. Sýningin verður til 8. september og er opin alla daga frá kl. 13-17.

## FJARÐARPÓSTURINN

— besti auglýsingamiðillinn fyrir  
Hafnarfjörð!

### Ný þjónusta – Heilsuáætlun og aðhald með næringarvörum

**Heilsubúð.is** kynnir nýja og áhrifaríka gjaldfrjálsa þjónustu til að takast á við yfirþyngd. Nú getur þú fengið gerða heilsu- og aðhaldsáætlun til að meta hversu langan tíma það tekur að ná aftur þinni eigin kjörþyngd og halda henni varanlega. Innifalið er einn byrjunarfundur með leiðbeinanda og ítarlegt aðhald þar til árangur næst. **Hafðu samband núna og pantaðu einkafund með ráðgjafa í síma 897 3020 eða á verslun@heilsubud.is.**



## Fríkirkjan Fermingarstarf

Skráning til þátttöku í fermingarstarf Fríkirkjunnar fer fram í kirkjunni dagana 29. - 30. ágúst kl. 17.

Nánari upplýsingar í viðtalstímum prestanna og á heimasíðunni frikirkja.is.

Einar Eyjólfsson og  
Sigríður Kristín Helgadóttir.

## Úr fundargerðum...

### 1. Aðalskipulag Hafnarfjarðar, Reykjanesbraut

Tekin er fyrir tillaga undir 9. lið fundargerðar skipulags- og byggingaráðs frá 30. júlí sl., aðalskipulag Hafnarfjarðar, Reykjanesbraut. Skipulagsstjóri mætti til fundarins og gerði grein fyrir breytingunni á aðalskipulaginu.

Bæjarráð samþykkir í umboði bæjarsjórnar breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 vegna Reykjanesbrautar í samræmi við fyrirbyggjandi tillögu, þó með þeirri breytingu að skipulagi á vegstæði Reykjanesbrautar norðan lækjar er frestað.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska bókað: „Það veur furðu að bæjarráðsmenn Samfylkingar skuli nú vera að samþykkja hluta skipulags á vegtingum Reykjanesbrautar frá Sólvangi að Ásbraut, það er að fyrst verði unnið að vegabótum frá Hamarskotslæk að Ásbraut í stað fyrsta áfanga frá Hamarskotslæk að Sólvangi. Þetta þyðir að ekki verði farið í vegagerð frá Sólvangi með stokkláun og mismögum gatnamótum við Hlíðarberg/Lækjargötu. Bæjarbúar hafa í langan tíma kallað á umferðarbætur á Reykjanesbraut og þá sérstaklega á gatnamótum Hlíðarbergs/Lækjargötu en nú er Samfylkingin að breyta fyrirbyggjandi áformum um hraða uppbyggingu á Reykjanesbraut. Áform fyrir merihluta í samvinnu við Vegagerðina gerði ráð fyrir að bjóða verkíð út í heild sinni og fyrst yrði unnið að stokkláun norðan lækjar með mismögum gatnamótum við Lækjargötu/Hlíðarberg. Ríkisvaldið hefur loforð um fjármagn til þessara framkvæmda. Áformuð framkvæmd tæki um tvö ár. Hringlandaháttur Samfylkingarinnar í málinu veldur því einu að framkvæmdir teljast og fjármagn til þessara veigumiklu framkvæmda og framtíðarlausn eru nú í uppnámi. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja gegn framkominni tillögu og telja eðlilegt að skipulag á heildarframkvæmd verksins lægi hér fyrir.“

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska bókað: „Hér er tekin fyrir afgreiðsla aðalskipulags Reykjanesbrautar sem afgreidd var í auglýsingu í maímánuði sl. Full samstaða var í skipulags- og byggingaráði um að staðfesta þá aðalskipulagsbreytingu sem nú liggur fyrir. Hér er ekki tekin afstaða til skipulags norðan Lækjar. Að öðru leyti benda fulltrúar Samfylkingar á að með breyttum áherslum varðandi framkvæmdir á Reykjanesbraut norðan Hamarskotslækjar er verið að tryggja meiri vegbætur á skemmiri tíma en áður var áætlað. Yfirlýsingum bæjarráðsmanna Sjálfstæðisflokks er því vísað á bug.“

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska bókað: „Engin afstaða er tekin til heildarskipulags á svæðinu með framkominni tillögu Samfylkingarinnar. Frestun framkvæmda norðan lækjar segir ekkert til um framtíðaráform Samfylkingarinnar í þessum málum.“

Bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins á því fullan rétt á sér þar sem áhyggjum er lýst á framgangi mála þar sem tafir verða á framkvæmdum sem varða miklu um umferðaröryggi vegfarenda“.

# Íslandsmót í skotfimi

## Hafnirskir meistarar

Íslandsmóti í SKEET var haldið að Íðavöllum um síðustu helgi þar sem Ellert Aðalsteinsson Skotíþróttafélagi Hafnarfjarðar varð Íslandsmeistari í einstaklingskeppni og B- sveit SÍH varð Íslandsmeistari í sveita-keppni. Mótið var haldið af Skotíþróttafélagi Hafnarfjarðar, mótsstóri var Ferdinand Hansen og dómari var Ívar Erlendsson.



Svæði félagsins er eins og vin í eyðimörk, snyrtilegt og fínt.

### Úrslit í liðakeppni

Nr.	Lið	Nöfn	Stig
1.	SÍH B	Ellert/Hreimur/Guðmundur	315
2.	SR A	Bragi/Ævar/Hilmar	315
3.	SAA	Guðmundur/Hákon/Haraldur	312
4.	SÍH A	Örn/Ari/Kári	300
5.	SFS A	Friðþór/Gunnar/Halldór	294
6.	SÍH C	Sigurþór/Rafn/Kristinn	257
7.	SAB	Arnþór/Sigurður/Aðalsteinn	226

### Úrslit í einstaklingskeppni

Nr.	Keppandi	Félag	Meðaltal
1.	Ellert Aðalsteinsson	SÍH M.f.I	22,60
2.	Örn Valdimarsson	SÍH M.fl.	21,80
3.	Alfreð Karl Alfreðsson	SR 1.fl.	21,80
4.	Hákon Þ. Svavarsson	SFA 1.fl.	21,40
5.	Ævar L. Sveinsson	SR 1.fl.	21,00
6.	Hilmar Árnason	SR 1.fl.	21,00
7.	Bragi Þór Jónsson	SR 1.fl.	21,00
8.	Hreimur Garðarsson	SÍH 1.fl.	21,00
9.	Guðmundur Ómarsson	SFA 3.fl.	20,80

### Hörð keppni

Í einstaklingskeppninni stóð keppnin lengi vel á milli Arnar Valdimarssonar SÍH sem leiddi



Lísm.: Guðni Gíslason

með fjórum dúfum eftir fyrri daginn en viðsnúningur varð seinni daginn og Ellert sigraði með 136 dúfum en Örn sem varð í öðru sæti skaut 132 dúfur og Alfreð Karl Alfreðsson SR í þriðja sæti með 131 dúfu.

B- sveit SÍH sigraði með 315 dúfum, A-sveit SR varð í öðru sæti með jafn margar dúfur og í þriðja sæti varð S-sveit SA með 312 dúfur. Einnig voru veitt verðlaun í öllum flokkum.

Íðavellir eru nýtt glæsilegt æfinga og keppnissvæði Skotíþróttafélags Hafnarfjarðar staðsett í Kaphelluhrauni rétt sunnan við Álverið í Straumsvík og ofan við kvartmíflubrautina. SÍH var úthlutað þessu svæði haustið 1997 undir starfsemi sína.

## Úr fundargerðum..

### 3. Frikirkjan í Hafnarfirði - framlag

Lagt fram bréf frá formanni safnaðarstjórnar og frikirkjupresti dags. 30. júlí sl., sem óska eftir viðbótarframlagi frá bæjarsjóði að fjárhæð kr. 4.000.000 vegna þeirra gagngeru breytinga sem gerðar voru á kirkjunni.

Bæjarráð samþykkir að veita umbeðinn styrk og vísar til endurskoðunar gildandi fjárhagsáætlunar.

### 8. Tenging Áslandshverfis - Tilboð

30. júní sl. voru opnuð tilboð í gerð Ásbrautar og hringtorgs.

Alls bárust 12 tilboð. Kostnaðar-áætlun er 102.713.900.

Bæjarverkræðingur gerði grein fyrir tilboðunum.

Bæjarráð metur 11 tilboð gild skv. ábendingu ráðgjafa, Línu-hönnunar ehf. Tilboð J.V.J. er dæmt ógilt þar sem það uppfyllir ekki útboðsskilmála, gr. 1.9.

Bæjarráð samþykkir að fela bæjarverkræðingi að leita samninga við lægstbjóðanda, Háfell ehf. á grundvelli fyrirbyggjandi tilboðs, frávikstilboðs 2, að fjárhæð kr. 81.665.900.

### 10. Vinnuskólinn, flokksstjórnar

Tekið fyrir að nýju erindi flokksstjóra vinnuskólans frá síðasta bæjarráðsfundi.

Bæjarráð getur ekki orðið við erindinu að svo stöddu, en vísar því til endurskoðunar hjá fjöl-skyldusviði fyrir næsta starfsár.

## Færeyskur kór vakti athygli



Færeyskur söngur hefur fallið vel í kramið hjá Íslendingum. Kórinn Mpiri kom hingað til lands í síðustu viku og söng m.a. í Hafnarfjarðarkirkju 7. ágúst við góðar undirtektir. Upphaflega hét kórinn Empire eða nám í verki en kórinn þjálfaði sig sjálfur til að byrja með en hefur undanfarin ár verið undir stjórn virtra stjórnanda. Kórinn syngur án undirleiks fjölbreytt verk en mikið af trúarlegri tónlist en kórinn er tengdur færeysku kirkjunni í Kaupmannahöfn þar sem kórinn starfar. Einnig voru tvö íslensk verk á söngskránni.

Tónleikaferð kórsins var styrkt af Norræna menningarsjóðnum, Norðurlandahúsinu í Færeyjum og færeyskum menningarsjóðum.

## Meirihluti hlynntur stækkun ÍSAL

Um 72% þeirra sem tóku þátt í skoðanakönnun Fjarðarpóstins á heimasíðu blaðsins segjast vera hlynntir stækkun Ísals. Um 9% segjast ekki hafa gert upp hug sinn en 19% lýsa sig andvíga stækkun álvers Alcan í Straumsvík.

Fremur lítil þátttaka í könnuninni getur skekkt þessa niðurstöðu verulega en könnunin var öllum opin.

Lesendur eru hvattir til að taka þátt í könnunum Fjarðarpóstins á heimasíðu blaðsins [www.fjardarposturinn.is](http://www.fjardarposturinn.is)

arkitektúr, útgáfa, umbrot, auglýsingar

## HÖNNUNARHÚSIÐ

Bæjarhrauni 2 • sími 565 4513



FLENSBORGARSKÓLINN

## Upphaf haustannar 2002 í Flensborgarskólanum

Skólinn verður settur í Íþróttahúsinu við Strandgötu þriðjudaginn 20. ágúst kl. 12.00.

Að lokinni skólaasetningu verða stundatöflur afhentar. Þeir nemendur sem eiga eftir að greiða endurinnritunargjald eru minntir á að þeir þurfa að ganga frá greiðslu þess um leið og stundatafla er afhent.

- Nýnemar sem eru að innritast í fyrsta sinn hitta sína umsjónarkennara strax að lokinni skólaasetningu og fá sérstaka kynningardagskrá til kl. 16.
- Miðvikudaginn 21. ágúst verður kennt samkvæmt sérstakri hraðtöflu frá kl. 8.05.
- Kennsla samkvæmt stundaskrá hefst fimmtudaginn 22. ágúst.
- Kennarar eru boðaðir til skipulagsvinnu mánudaginn 19. ágúst kl. 10.
- Almennur kennarafundur er boðaður þriðjudaginn 20. ágúst kl. 9.00.

Skólameistari

# Hættuleg gangbraut Margir hafnfirskir flugmenn

## Tveir hafnfirðingar flugu með 50 hafnfirðinga



Miklar endurbætur hafa verið gerðar á Reykjavíkurveginum til að tryggja betur öryggi vegfarenda. Samt sem áður hafa íbúar við götuna áhyggjur af hraðakstri og segja aftanákeysrslur tíðar, sérstaklega við gangbrautina á mótis við Einarsreitinn og mesta mildi að gangandi vegfarendur hafa ekki slasast. Fjarðarposturinn hefur áður vakið athygli á ómerktri gangbraut neðst við Reykjavíkurveg en heimildir blaðsins herma að þetta sé svokölluð pólitísk gangbraut sem Vegagerðin hafi ekki samþykkt. Tekið er úr eyju og skái er á gangstéttum sínu hvoru megin við götuna sem vissulega segir mörgum að þarna sé gangbraut en svo er ekki.

## Viðgerðum á Tónlistarskólanum frestað um eitt ár



Þó Tónlistarskólinn og safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju sé aðeins 7 ára gömul bygging er kominn tími á þó nokkuð viðhald. Greinilegt er að sá frágangur sem valinn var á þakköntum hentar ekki og ljótir taumar eru niður veggina auk þess sem smitar út úr steypusprungum. Áætlað hafi verið að gera við húsin í sumar en því hefur verið frestað til næsta sumar þó viðhald hafi verið orðið aðkallandi.

Hins vegar eru viðgerðir hafnar á Hafnarfjarðarkirkju og er verið að lagfæra múr og mála.

## Glóandi stjörnuvegata



Miklar endurbætur og góðar hafa verið gerðar á Tjarnarbrautinni sem Hafnarfjarðarbær verðlaunaði sig með því að útnefna hana stjörnuvegata. Þeir eru sakleysislegir lamparnir sem settir hafa verið í kantinn, en þeim er ætlað að lýsa upp gangstéttina við lækinn.

Þó myndin af ofan sýni ákveðna stemmningu þá er ljóminn frá lömpunum sjálfum mjög sterkur og gefur svæðinu undarlega mynd af langri ljósa-

röð sem eflaust hefur ekki verið meiningin. Skv. heimildum blaðsins hefur ekki verið mótuð nein stefna hjá Hafnarfjarðarbær sem tekur á því vandamáli sem ljósmengun er orðin í flestum bæjum hér á landi.



Af einhverjum ástæðum hefur flug til Minneapolis verið sumum farþegum þungt í skauti og hafnfirskir farþegar átt þar hlut að máli og síðast þegar eldri maður var handtekinn og sendur heim í lögreflufylgd.

Það var friður og ró í vél flugleiða til Minneapolis í byrjun mánaðarins sem bar m.a. tæplega 50 manna hóp Rótárymanna úr Hafnarfirði sem var á leið á Íslendingaslóðir í Vesturheimi.

Flugstjóri í ferðinni var Erlendur Guðmundsson en 3 bekkjarsystkini hans voru með í vélinni. Með honum flaug Bjarni

Berg en þeir eru báðir Hafnfirðingar.

Í viðtali við Fjarðarpostinn sögðu þeir að nóg væri fyrir stafni í 6 tíma flugi þrátt fyrir sjálfstýringu. Fylgjast þyrfti með veðurfari og annarri umferð og aðlaga flugstefnuna að aðstæðum. Fylgjast þyrfti með öllum stjórtækjum og því nóg fyrir stafni.

Erlendur gaf nýlega út Iceland information guide, sem er lítið kver fullt af upplýsingum um Ísland en hann hefur komið þó nokkuð nálægt útgáfumálum í gegnum tíðina en hann gaf út

fyrir all mörgum árum síðan blað sem dreift var á suð-vestur horninu.

Það var því við hæfi að afhenda þeim Fjarðarpostinn enda fimmtudagur. Aðrir Hafnfirðingar í vélinni fengu að sjálf sögðu blaðið líka þar sem fæstir höfðu fengið póstin áður en haldið var að heiman.

Lendingin í Minneapolis var mjúk sem skv. kenningum þeirra féлага er merki þess að flugmennirnir sjálfir lendi vélinni!

Sjálfstýringin lendi alltaf nokkuð harkalega og því lendi flugmennirnir oftast sjálfir.

www.sorpa.is

## ENDURVINNSLUSTÖÐ MIÐHRAUNI 20

### Opin virka daga:

vetur  
(16. ágúst - 15. maí): kl. 8:00 - 19:30

sumar  
(16. maí - 15. ágúst): kl. 8:00 - 21:00

### laugardaga og sunnudaga:

kl. 10:00 - 18:30

sími: 565 0820

Fernur og dagblöð/tímarit fara umbúðalaus í pappírsgáma

**SORPA**

# Íslenska menningin lifir



Gríðarlega löng lest alls kyns farartækja fór um götur Gimli og alls staðar var fólk við vegarbrúnina. Rótarýfélögarnir gáfu börnum íslenska fána og sungu íslenska söngva hástöfum.

Nú eru liðin 127 ár síðan um 200 manns tóku land á tanga sem heitir Willow Island, rétt þar sem Gimli stendur nú við Winnipegvatn. Þetta fólk hafði upplifað miklar hrakningar en vont veður varð til þess að prammar sem fólk var á voru skornir aftan úr dráttarbatnum sem átti í miklu basli og rak prammana að landi. Þau upplifðu einn kaldasta og lengsta vetur við Winnipegvatn í langan tíma og tjöld og kofar var það eina sem þau höfðu. Barn fæddist daginn sem fólkíð kom

að landi en dó nokkrum mánuðum síðar svo og annað barn sem fæddist stuttu síðar. Jón Ólafur Jóhannsson fæddist þarna 9. nóvember, 19 dögum eftir lendingu og lifði af veturinn og á marga afkomendur í Gimli og víðar í Kanada. Fólkinu fylgdi bólusótt að heiman og opinberlega dóu 102 einstaklingar, mest börn þar sem fullorðnir höfðu verið bólusóttir á Íslandi. Þrátt fyrir allt þetta mótlæti kom fólkíð sér fyrir í Gimli, byggði sér hús, ræktaði landið og hóf útgerð

sem alla tíð hefur verið mikilvæg við Winnipegvatn sem er geysilega stórt vatn. Fleiri komu í þetta Nýja Ísland eða New Iceland eins og það er kallast og það sem sérstakt við þetta fólk er að það vildi verða Kanadískir borgar og gegna skyldum sem slíkir en á sama tíma viðhalda sinni menningu og siðum og bera áfram til sinna afkomenda. Íslendingadagurinn í Gimli var haldinn í síðustu viku í 113. skipti og talið er að um 50 þúsund manns hafi verið í bænum



Þessi Mountain-búi hafði húmorinn í lagi þó svo eiginkona hans hafi ekki verið sérstaklega hrifin af framtaki eiginmanns síns.

sem telur aðeins nokkur þúsund. Sennilega er enginn annar staður í heiminum eins íslenskur og Gimli og sveitirnar þar í kring þó landið sé svo ólíkt því sem við þekkjum. Sumrin eru heit með hita á milli 20 og 30°C en veturnir kaldir oft með -30°C frosti. Fólkíð í Nýja Íslandi tók íslenskum gestum einstaklega vel og eldra fólk nýtti sér að geta talað íslensku við „landa“ sína. Þönnukökur og Vínartertur voru á boðstólum, íslenskum fánum var flaggað með þeim kanadíska og sérstaklega var gaman að heyra hvað unga fólkíð var stolt af sínum uppruna.



Karl Sigurbjörnsson biskup og kona hans Kristín kona hans tóku þátt í hátíðarhöldunum í Mountain í Norður-Dakota í Bandaríkjunum og fengu þennan fina eðalvagn í skruðgönguna. Fjölmargir tóku þátt í hátíðarhöldunum í Mountain þó alls ekki eins margir og í Gimli.

## Úr Hafnarfirði



Fimmtu Rótarýfélagar úr Hafnarfirði og gestir voru á Íslendingadeginum í Gimli í síðustu viku. Búið var að útvega tengivagn fyrir fólkíð og voru heibaggar notaðir sem sæti. Bíllinn sem dró tengivagninn var af Volvo gerð og honum ók ungur maður af íslenskum ættum, og ekki aðeins það heldur var hann ættaður úr Hafnarfirði. Systir hans fékk merktan bol eins Rótarýfélaganna og grét af gleði að fá hafnirskan bol. Vonandi fáum við að heyra frá henni í leit sinni af hafnirskum ættingjum. Fjölmargir tenglar á heimasiður tengdar Vesturförum má finna á Vefstorgi Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar sem finna má á [www.rotary.is/hafnarfj](http://www.rotary.is/hafnarfj)

**BLACK & DECKER**

**FABORY**  
Ísboltar • Festingameistarar

Kantskerar  
Verð frá:  
**3.990 kr.**



GERÐU GARÐINN FRÆGAN Í SUMAR!

Rafmagn í garðinn er besti og umhverfisvænasti kosturinn sem völ er á. Gerðu garðinn frægan í sumar með Black & Decker garðverkfærum.

**Sláttuvélar**  
Verð frá:  
**19.900 kr.**

Ísboltar hf. • Strandgötu 75 • 220 Hfj. • sími 565 2965 Opnunartímar: 8-18 mán. - fös. og 9-13 lau.

**Smelltu þér**  
á einn ljúffengan

**550 kr.**  
Hamborgari, franskur,  
sósa og 1/2 l. Pepsi

Fjölskyldutilboð  
**1.699 kr.**  
4 hamborgarar, sósa,  
stór franskur og 2 l. Pepsi



**FJARDAR**  
**VIDEO**

Hvaleyjarbraut 3 • Sími 555 4885

**Smáauglýsingar****Íbúð óskast**

Barnlaus, reglusöm 25 ára stúlka óskar eftir íbúð sem fyrst. Helst í Hafnarfirði. Uppl. í síma 698 1452.

**TAPAÐ - FUNDIÐ**

Gul útrjónuð peysa á 1. árs tapaðist. Finnandi vinsamlegast hafið samband í s. 555 4295 eða 555 1691, Guðrún/Sonja.

**Gullhringur tapaðist**

Tapast hefur fyrir u.þ.b. mánuði síðan afar nær gullhringur. Fundarlaun. Uppl. í síma 699 8848

**GSM sími tapaðist**

Blár Nokia sími 3310 tapaðist 12.ágúst í Setbergi. Er í sv. hulstri með sjálfvísandi stjórnun á. Uppl. í s. 555 2530 / 897 0197

**Íbúð óskast**

Ungt par, kennari í Setbergsskóla og nemi í lónskólanum, leitar að íbúð í Hafnarfirði á góðu verði. Reyklaus, reglusöm og heiðarleg. Góð meðmæli. Upplýsingar í síma 898 6429 (Doddí).

**Íbúð óskast**

5 manna fjölskylda sem er að flytja í Hafnarfjörð utan af landi, óskar eftir íbúð til leigu, helst í Hafnarfirði. Góðri umgengni og skilvísnum greiðslum er heitið. Upplýsingar í síma 695 9906

**Íbúð óskast**

Tvítugt par í skóla óskar eftir 2ja íbúð. Reyklaus og reglusöm. Uppl. hjá Lenu í s. 697 8770.

**Íbúð óskast**

Stúdíóíbúð eða 2ja herb. íbúð óskast. Uppl. í s. 696 5460

**Fæst gefins**

Þrjú ljúfir kassavanir 8 vikna kettlingar fást gefins. Uppl. í s. 565 3076 og 862 8670.

**Íbúð óskast**

Óska eftir 3-4ja herb. íbúð óskast. Reglusemi heitið. Uppl. í s. 848 0157

**Skíði til sölu**

Lítið notuð karlmanns- og kvenmannsskíði með fylgihlutum til sölu. Skóstærð 45 og 36/37. Uppl. í s. 557 9554 eftir.kl. 17

**Laus pláss hjá dagmömmu**  
Er að byrja rekstur daggæslu á ný. Er staðsett á Hvaleyrarholti. 6 ára reynsla. Uppl. í síma 868 9236.

**Íbúð óskast**

3ja - 4ja herb. íbúð óskast í 6 mán. helst í Áslandi eða Holti. Uppl. í s. 897 0143.

**Stíflupjónusta Geirs**

Fjarlægri stíflur í frænnisliögnum, wc, vöskum og baðkórnum. Röramyndavél til að ástandsskoða lagnir. Uppl. í síma 565 3342 og 697 3933.

**HERBALIFE**

sjálfstæður dreifingaraðili

Allar vörur ávallt á lager.

Hanna Sími: 694-6940  
Heimkeyrsla. Visa/Euro

Öll almenn lóðavinna

..pallasmíði, hellulögn, útvegum trjákur í beð o.fl.

**S. Ó. GARÐVERK EHF.**  
Símar: 822 3650 • 891 9129



**Konráð Magnússon**  
sími 895 6594

Meindýraeyðing í Hafnarfirði, Garðabæ og Álftanesi  
*Nagdýr                      Geitungar                      Skordýr*

**Meindýraeyðing**

Við önnumst meindýraeyðingu fyrir Hafnarfjörð, alhliða þjónusta. **Meindýraeyðing Hafnarfjarðar**  
Sími 822 3713, alltaf við.


**Loftnets uppsetningar**

Viðgerðir og stillingar.  
Fagmenn.

Loftnet IJ ehf.  
Sími 696 1991.

**Skóviðgerðir**

Töskuviðgerðir  
Lyklasmíði    Bryningar



Reykjavíkurvegi 68 • 565 1722

**Þegar andlát ber að**

Við feðgar höfum séð um útfarir í Reykjavík og Hafnarfirði frá árinu 1990.

Bakvaktapjónusta  
um kvöld og helgar.

**Símar: 567 9110,  
893 8638 og 897 3020.**

*Rúnar Geirmundsson*  
útfararstjóri

*Sigurður Rúnarsson*  
útfararstjóri



Útfararþjónustan ehf.  
www.utfarir.is  
Stofnað 1990

**Aðstoð við alla þætti útfarar**

*Traust og persónuleg þjónusta*



**Útfararstofa Hafnarfjarðar**

Stapahrauni 5  
Sími 565 5892

# Krikketmót í Hafnarfirði

## Þriðja Íslandsmeistaramótið haldið á Viðistaðatúni á laugardag

Iðkun krikkets á Íslandi má rekja aftur til ársins 1999 þegar fyrsta krikketlið landsins, Kylfan, krikketklúbbur Reykjavíkur (KKKR), var stofnað. Þegar fyrsta óopinbera Íslandsmót var fyrirhugað fannst andstæðingur í Stykkishólmi en kenna þyrfti liðinu íþróttina fyrir leikinn. Sú kennsla tókst svo vel að Ungmennafélagið Glaumur úr Stykkishólmi vann læri-meistarana í KKKR og hampaði því fyrsta Íslandsmeistarátitlinum. Seinna sama ár náði KKKR þó fram hefndum þegar

liðið vann Glaum í mjólkurbikarkeppni.

Á síðasta ári sameinuðust svo fyrrum erkifjendurnir í Glaumi og KKKR gegn nýju liði Trygg-ingamiðstöðvarinnar, á Íslandsmeistaramóti sem var haldið á Tungubakkavelli í Mosfellsbæ. Fóru leikar þannig að sameinað lið Glaums og Kylfunnar hafði sigur, 111-53.

Tvö lið eru skráð til leiks á laugardaginn, Kylfan og Trygg-ingamiðstöðin. Hefst leikurinn klukkan 13.

# Útsölulok

## Enn meiri verðlækkun

# 20-70% afsláttur

## Margar tegundir á:

### kr. 990,-

### kr. 1.900,-

## EURO SKO



Skóhöllin – Firði • sími 555 4420

# Tveir sóttu um Vallaprestakall

Aðeins tveir sóttu um nýja prestakallið sem nær yfir Ásland og væntanlega íbúðabyggð á Völlum. Það voru þeir séra Carlos A. Ferrer og séra Eiríkur Jóhannsson.

Embætti sóknarprestis í Vallaprestakalli er veitt frá 1. september nk. en honum er einnig ætlað að þjóna Kálfatjarnarsókn þar til Kirkjuþing hefur ákveðið framtíðarskipan sóknarinnar auk

tímabundinna verkefna fyrir Hafnarfjarðarsókn.

Valnefnd prestakallsins skoðar umsóknirnar en dóms- og kirkjumálaráðherra skipar í embættið til fimm ára. Heimild: Morgunblaðið

# Jafnt á með FH og Skagamönnum

Þrátt fyrir góð tilprif mátti FH-ingar þakka markmanni sínum jafnteflið



Eftir endurbætur er Kaplakrikavöllurinn eins og golfvöllur, rennisléttur og fallegur. Áhorfendur voru fjölmargir í veðurblíðunni og fengu ágæta

skemmtun. Skagamenn voru fyrri til að skora en Atli Viðar Björnsson jafnaði leikinn fyrir FH með glæsilegu marki á 65. mínútu.

Daði Björnsson var besti maður vallarins og bjargaði oft stórglæsilega. FH er enn í 5. sæti deildarinnar eftir gott gengi undanfarið.

## Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi fyrir „Sörlastaði, athafnasvæði hestamannafélagsins Sörla“ Hafnarfirði

Bæjarráð Hafnarfjarðar í umboði bæjarstjórnar samþykkti á fundi sínum þann 25. júlí 2002 að auglýsa til kynningar breytingu á deiliskipulagi fyrir „Sörlastaði, athafnasvæði hestamannafélagsins Sörla“ Hafnarfirði í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Breytingin felur í sér í meginatriðum að lóðum er fjölgað til suð-austurs og felldar eru niður áður ráðgerðar lóðir sem liggja á núverandi Kaldárselsvegi, nyrst á svæðinu.

Breytingin verður til sýnis í afgreiðslu umhverfis- og tæknisviðs, Strandgötu 8 - 10, þriðju hæð, frá 14. ágúst 2002 - 12. september 2002. Nánari upplýsingar eru veittar á bæjarskipulagi.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til bæjarskipulags í Hafnarfirði, eigi síðar en 27. september 2002. Þeir sem ekki gera athugasemdir við breytinguna teljast samþykkir henni.



Skipulagsstjóri Hafnarfjarðar

## Æfingabúðir í siglingum

Skegla úr Hafnarfirði sigraði

Dagana 12. - 16. ágúst standa yfir opnar æfingabúðir í Optimist siglingum og 19. - 23. ágúst n.k. í Laser siglingum hjá Siglinga-klúbbnum Þyt. Reyndur Írskur þjálfari mun, auk Arnþórs Ragnarssonar siglingaþjálfara Þyts, sjá um þjálfunina og eru allir velkomnir. Nánari upplýsingar má fá í klúbbhúsi Þyts í síma 555 3422, hjá Friðriki Friðrikssyni formanni Þyts í s. 864 9610 og hjá Arnþóri í s. 899 9498.

Skegla klúbbskúta Siglinga-klúbbsins Þyts í Hafnarfirði sigraði siglingakeppni Siglingafélags Reykjavíkur, Brokey.

Hafsteinn Ægir Geirsson var skipstjóri á Skeglu. Fimmtán skútur tóku þátt í keppninni sem er met í sumar.

Önnur skútan var Eva II sem keppir fyrir Siglingafélagið Knörr í Keflavík og þriðja BESTA sem keppir fyrir Brokey.

## Lausir tímar í Íþróttahúsi Lækjarskóla

Höfum til umráða nokkra lausa tíma til útleigu í Íþróttahúsi Lækjarskóla. Kjorið fyrir fyrirtæki og smærri hópa.



Upplýsingar veitir

Íþróttabandalag  
Hafnarfjarðar  
í sínum 555 2300  
og 863 0203.



## Suðurbæjarlaug Bað- og laugarvarsla

Hafnarfjarðarbær auglýsir lausa stöðu bað- og laugarvörslu kvenna 100% starf og við bað- og laugarvörslu 40% starf í Suðurbæjarlaug. Umsækjandi þarf að standast hæfnispróf samkvæmt öryggisreglugerð fyrir sundstaði. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi S.T.H. og Hafnarfjarðarbæjar.

Nánari upplýsingar veitir forstöðumaður Suðurbæjarlaugar Daníel Pétursson í síma 5653080 (6993953) eða á staðnum

Umsóknir berist eigi síðar en 23. ágúst 2002 til Suðurbæjarlaugar, Hringbraut 77, 220 Hafnarfirði, merkt forstöðumanni.

Íþróttafulltrúinn í Hafnarfirði



**HRAUNHAMAR**  
FASTEIGNASALA  
**520 7500**

Við, kunnum að meta eignina þína!

Bæjarhrauni 10 • Fax 520 7501  
hraunhamar@hraunhamar.is



**ÁFRAM HAUKAR**



**Aðalskoðun hf.**  
**Helluhrauni 4**  
sími: 555 33 55

# Fallegir garðar verðlaunaðir

Árleg veiting viðurkenninga fyrir fallega garða, snyrtimennsku og fegrun á vegum bæjarins fer fram í Hafnarborg í dag kl. 17.00.

Þeir sem hljóta viðurkenningu í ár eru eftirfarandi:

**Móabaráð 27** - Viðurkenning fyrir fallegan og vel hirtan garð í ára raðir.

Sigurjón Ingvarsson og Sigrún Sigurðardóttir.

**Jófríðastaðavegur 13** - Viðurkenning fyrir glæsilegan og vel hirtan garð í áraraðir.

Sigurður Jónsson og Sigríður Jóhannesdóttir.

**Stekkjjarberg 9** - Viðurkenning fyrir fallegan garð með uppsprettulind.

Þórður Reykdal.

**Suðurgata 47** - Viðurkenning fyrir fallegan garð með fjölbreyttum gróðri.

Ásdís G. Konráðsdóttir og Kristján H. Jónsson.

**Lækjarberg 58** - Viðurkenning fyrir glæsilegan garð sem fellur vel að húsi.

Gunnar Már Levisson og Lilja Valdimarsdóttir.



Sigurjón Ingvarsson á Móabaráði 27 með barnabörnum sínum.

**Prúðvangur 1** - Viðurkenning fyrir fallegan garð með gróskumiklum gróðri.

Theodór Hallsson og Halla Snorradóttir.

**Lóuás 7** - Viðurkenning fyrir fallegan garð í nýju hverfi.

Þorgils Óttar Mathiesen og Berta Gerður Guðmundsdóttir.

**Norðurbraut 15** - Viðurkenning fyrir hlýlegan garð í gömlu umhverfi.

Björg Sigurðardóttir.

**Arnarhraun 12** - Viðurkenning fyrir fallegan garð.

Þórður H. Hilmarsson og Hjördís Kristinsdóttir.

**Iðnmark, Gjótuhrauni 5** - Viðurkenning fyrir aðkomu og snyrtimennsku.

Dagbjartur Björnsson og Ey-rún Sigurjónsdóttir.

**Þjónustumiðstöð Hafnarfjarðar** - Viðurkenning fyrir



Garður Bjargar Sigurðardóttur að Norðurbraut 15



Álfholt 16



Það þarf ekki mikið til að gera umhverfi iðnaðarhúsa snyrtileg eins og hér hjá Iðnmarki að Gjótuhrauni 5



Að siglingu lokinni

S. 564 1400

Hreinlætisvörur

www.hygolet.is

fallega aðkomu og snyrtimennsku.

**Álfholt 16**, fjölbýli - Viðurkenning fyrir fallegan og fjöl-

skylduvænan garð.

Stjörnungata í ár er Tjarnarbraut en Hafnarfjarðarbær hefur gert miklar endurbætur á götunni.



**FRÁBÆR TILBOÐ!**  
Þú sækir eða við sendum!

**565 2525**